

Námsáætlun í myndmennt fyrir 5 og 6. bekk haust 2016

Tímabil: Ágúst – desember; hvor bekkur fær 2 kennslustundir aðra hverja viku.

Kennari: Sigríður Guðmundsdóttir

Markmið

Markmið unnin samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla.

- geta nýtt sér í eigin sköpun grunnþætti myndlistar, s.s. grunnreglur formfræði, litafræði og myndbyggingar.
- geta nýtt sér mismunandi efni, verkfæri og miðla í eigin sköpun, s.s. málun, teikningu, grafík, mótun, tölvur o.s.frv.
- geta tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu.
- geta sýnt skipulögð vinnubrögð.
- geta nýtt sér ímyndir eða stílbrigði úr mynddæmum af verkum ákveðinna listamanna í eigin sköpun.
- geta lagt rökstutt mat á eigin verk og annarra.
- geta gengið frá myndum sínum, efnum og áhöldum sem unnið hefur verið með.
- geta gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.
- geta gert grein fyrir og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar, t.d. varðandi stíla og tímabil tiltekinna verka.
- þjálfuð eru þau lögmál og aðferðir sem nemendur kynntust á yngsta stigi, þekkingin dýpkuð og nýir þættir lagðir inn.

Inntak

læra um;

-fjölbreytileika línunnar og fjölbreytilega áferð.

-nálægð og fjarlægð / forgrunn og bakgrunn.

-frumlitina, litablöndur og litatóna.

-rými.

-mynstur.

Námsefni

Myndlist 1 og 2

Ýmis konar fræðsla, verkefni og hugmyndir af netinu (t.d. www.pinterest.com , www.allfreekidscrafts.com/ , www1.nams.is/myndmennt/).

Big book of things to draw, heimatilbúið efni, bækur um ýmsa listamenn sem skólinn á.

Kennsluaðferðir og skipulag

Innlagnir frá kennara, hópavinna/paravinna, samvinna, tölvuvinna og einstaklingsvinna.

Unnið samkvæmt áætlun frá kennara.

Námsmat

Símat (horft á vinnuferlið og útkomuna).

Sjálfsmat.

Í mati annarinnar er tekið tillit til framfara, frumkvæðis , virkni, áhuga og vinnulags. Einnig er verkefni nemandans metin.

Tímabil	Tímar Önnur hver vika	Námsefni	Viðfangsefni	Kennsluaðferðir, vinnubrögð
31/8 7/9	2	Pinterest.com	Safna efnivið úr náttúrunni í listaverk, t.d. steina, greinar, könglar og lauf.	Innlögn Samvinna
14/9 21/9	2	Pinterest.com	Vinna listaverk úr efniviðnum. (t.d. hjarta úr steinum á platta, steinafætur og laufblaðasprey)	Innlögn Einstaklingsvinna
28/9 5/10	2	Pinterest.com	Vinna listaverk úr efniviðnum. (t.d. hjarta úr steinum á platta, steinafætur og laufblaðasprey)	Innlögn Einstaklingsvinna
12/10 19/10	2	Myndmenntavefurinn Myndlist-kennarahandbók	Línan Fígúrir með hvítum útlínum. Teikna tvöfaldar útlínur með blýanti, lita myndina með tússlit. Stroka út blýantslínurnar.	Innlögn Einstaklingsvinna
26/10 2/11	2		Forgrunnur/bakgrunnur Nálægð/fjarlægð Frumlitirnir	Innlögn Einstaklingsvinna
9/11 16/11	2		Rými	Innlögn Einstaklingsvinna
23/11 30/11	2		Mynstur	Innlögn Einstaklingsvinna
7/12 14/12			Jólatími	Stöðvavinna